

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Háskóli Íslands Læknagarður



<b>Dags eftirlits</b>	22.2.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Háskóli Íslands	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Vatnsmýrarvegur 16	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600169-2039	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigríður Rut Franzdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	85.14.3
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi sem er a tveggja ára fresti. Engin ný frávik eða athugasemdir voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Flutningur hafði átt sér stað frá fyrra eftirlit. Starfsleyfi var breytt árið 2015 og starfsemin útvíkkuð vegna verklegrar kennslu í Öskju. Árið 2016 var aðstaða færð úr rannsóknarstofu Öskju, rými N-190 í N-290, en engar aðrar efnislegar breytingar voru gerðar á starfsleyfinu. Enn er þó lítilsháttar starfsemi til staðar að Læknagarði.

Rekstaráðili flytur inn og rekur afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar ávaxtaflugur í Læknagarði og Öskju. Verklegr kennsla fer fram á 3.hæð í Öskju í rými N-350. Samtals eru nú 160 stofnar af ávaxtaflugum, margir hverjir með sömu erfðabreytingar. Einu sinni á hverju sumri hefur farið fram athuganir hvort flugur hafi fundist í nágrenni Læknagarðs en aðeins fjarskyldar tegundir hafa fundist, ráðgert er að álíka skoðun fari fram á sumrin í Öskju.

Í eftirlitinu var farið í rannsóknarstofu í rými N-290 og litið inn í hvar verklegr kennsla fer fram í stofu N-350. Farið var yfir fyrirkomulag vinnudagbóka og skráninga. Þá var farið yfir meðhöndlun úrgangs og skráningar skoðaðar. Flugnagildrur eru til staðar og snyrtilegt um að lítast. Í lok eftirlitsins var haldið til Læknagarðs og rannsóknarstofan þar skoðuð. Engin óhöpp eða önnur atvik hafa komið upp.

Stofnuninni hafa þá borist uppfærðar áætlanir eftlir flutninga. Þær þrjár áætlanir sem liggja fyrir eru þá: áætlun um frágang vegna tímabundnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs, áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera og viðbragðsáætlun sem skal grípa til ef bilanir verða í afmörkunarbúnaði, vegna bráðamengunar eða skemmdarverka sem verða í aðstöðunni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.03.2017

  
Einar Halldórsson